

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu Sveitarfélagsins Voga.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

2. gr.

Árlegt fráveitugjald.

Fráveitugjald, íbúðir, 0,19% af fasteignamati.

Fráveitugjald, atvinnuhúsnaði, 0,19% af fasteignamati.

3. gr.

Stofngjald fráveitu.

Stofngjald fráveitu skal vera ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

| | | |
|-----------------------------------|------|--------------------------|
| Einbýlishús | 100% | 186.479 kr. pr. íbúð |
| Rað-, par-, tvíbýlis- og keðjuhús | 85% | 158.507 kr. pr. íbúð |
| Fjölbýlishús | 50% | 93.240 kr. pr. íbúð |
| Atvinnuhúsnaði | 125% | 233.099 kr. pr. byggingu |

Fermetrafjöldinn (m²), sem lagður er til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu fyrir önnur mannvirki en íbúðir er margfeldið af lóðarstærð og nýtingarhlutfalli lóðar eins og viðkomandi deiliskipulag segir fyrir um. Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall þá skal meðaltal hámarks- og lágmarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu.

Af viðbyggingum við eldri hús, önnur en íbúðarhús, þar sem deiliskipulag er ekki til staðar, eru fermetrar (m²) viðbyggingar lagðir til grundvallar við útreikning á stofngjaldi fráveitu kalli viðbyggingin á stofnframkvæmdir við fráveitulögn.

4. gr.

Semja skal sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa eða þar sem lengd heimæðar er yfir 50 m.

Samþykkt í bæjarráði Sveitarfélagsins Voga 8. mars 2017.

Vogum, 8. mars 2017.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.